



Félagsmálaráðuneytið
Félagsmálaráðherra

Svar frá ríkisstjórnunum á Norðurlöndum við fyrirspurn E21/2024 um nikótíninnihald í hvítu munntóbaki

Kim Berg (S) í Norðurlandaráði hefur með fyrirspurn til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum óskað upplýsinga um að hve miklu leyti ríkisstjórnirnar starfa saman að því að uppfæra löggjöf varðandi hvítt munntóbak og hvort þær telji norrænt notagildi felast í því að löndin komist að samkomulagi um sameiginlegt hámarks magn nikótíns í hvítu munntóbaki?

Svar frá norrænu ríkisstjórnunum

Tóbakslöggjöfin hefur um langt skeið verið samræmd innan Evrópusam-bandsins, samanber meðal annars tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB frá 3. apríl 2014 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórn-sýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum og um niðurfellingu á tilskipun 2001/37/EB (svokallaðri tóbaksvörutílskipun). Tóbakslausir nikótínþúðar, svonefnt hvítt munntóbak, eiga ekki undir hina samræmdu löggjöf. Þar af leiðandi á sama við um aðildarríkin og önnur norræn lönd að það er undir þeim sjálfum komið hvernig þau

haga lýðheilsumálum sínum á grundvelli eigin áherslna og stefnumiða.

Eins og fyrirspyrjandi bendir á eru ýmis norræn lönd að fara yfir reglur sínar um leyfilegt hámark nikótíns í tóbakslausum nikótínþúðum. Samkvæmt úttekt í Svíþjóð ætti að ákvarða efri mörkin við 12 mg/g. Sú tillaga var gerð að lokinni athugun á reglum um nikótínmagn í öðrum löndum, þar á meðal norrænu löndunum Íslandi, Finnlandi, Noregi og Danmörku. Ríkisstjórn Danmerkur telur mikilvægt að setja markið hátt til varnar heilsu barna og ungmenna en það kalli á vandaða lagaumgjörð um tóbaks- og nikótínvörur. Þess vegna hefur ríkisstjórnin í Danmörku nýlega lagt til 9 millígramma hámark fyrir hverja neyslueiningu. Tekið var við umsögnum um tillöguna á tímabilinu frá 30. ágúst til 30. september í ár. Heilbrigðisráðherra Íslands ákvað með reglugerð að nikótínvörur mættu innihalda að hámarki 20 mg/g af nikótíni en sú ákvörðun sætir endurskoðun. Landsstjórn Álandseyja hefur með frumvarpi til breytingar á þar gildandi tóbakslögum lagt til bann við sölu á nikótínþúðum sem hafa að geyma meira nikótín en nemur 10 millígrömm-um í því skyni að draga eins og kostur er úr beinum eituráhrifum nikótíns (einkum við inntöku barna), heilsuspillandi áhrifum og ánetjun. Í Finnlandi eru áform um 16,6 mg/g hámark í hverjum nikótínskammti samkvæmt stjórnarfrumvarpi sem fór í umsagnarferli 25. nóvember 2024.

Nikótín er mjög vanabindandi vegna áhrifa sinna á örvunarkerfi líkamans. Afar brýnt er að grípa til ráðstafana sem koma í veg fyrir að börn og ung-menni ánetjist nikótíni með tilheyrandi heilsuspillandi afleiðingum. Norræna ráðherranefndin hefur falið Norrænu velferðarmiðstöðinni (NVC) að kort-leggja neyslu barna og ungmenna á nikótínvörum á Norðurlöndum. Skýrslan á að vera tilbúin til birtingar í byrjun árs 2025. Auk þess miðla embættismenn norrænu landanna upplýsingum sín á milli um þekkingu og reynslu með reglulegu millibili.

Sameiginleg nikótínörk á Norðurlöndum myndu vernda börn og ungmenni og draga úr möguleikum þeirra á að kaupa hvítt munntóbak með meira nikótínmagni hjá norrænni frændþjóð um leið og þau auðvelduðu landa-mæraerslun.

Norrænu löndin eru komin misjafnlega langt í ákvörðunum um efri örök leyfilegs nikótínagns í tóbakslausum nikótínþúðum. Ekki má hrófla við sjálfsákvörðunarrétti landanna á sviði lýðheilsamála. Á meðan beðið er skýrslu Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (NVC), sem kann að gefa skýrari mynd af stöðu mála á Norðurlöndum, telja ríkisstjórnirnar ótímabært að taka ákvörðun um sameiginlegt hámark nikótíns í tóbakslausum neyslueiningum.

Afstaða landsstjórnar Álandseyja er á hinn bóginn þessi: Norðurlönd eru ekki á einu máli um leyfilegt nikótíninnihald í neyslueiningum og það veldur ýmsum vanda í viðskiptum og

innflutningi milli landanna, meira að segja milli Finnlands og Álandseyja. Í umsögn Álands Näringsliv, samtaka atvinnulífsins á Álandseyjum, er bent á að mismunandi reglur um leyfilegt nikótíninnihald verði til þess að neytendur útvegi sér sterkari nikótínvörur í verslunum annarra norrænna landa. Þannig færi innanlandsverslun á mis við sölu og tekjur án þess að það hefði áhrif á neyslustig umræddra vara. Lands-stjórnin telur af þeim sökum að nú sé heppilegt fyrir Norðurlönd að sameinast um afstöðuna til nikótínmagns í tóbakslausum nikótínþúðum. Samræmdar reglur séu mikilvægar til að greiða fyrir viðskiptum og landamæraeftirliti, efla lýðheilsu og leggja fyrirtækjum og neytendum skýrar línur. Af samhæfingu hljótist réttlát skilyrði, minni vandamál í milliríkjaviðskiptum og aukið öryggi almennings.

Stokkhólmi, 5. desember 2024,

Jakob Forssmed